

Tillagan var auglýst, samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, frá 30. september til 28. október 1998, og yfirfarin af Skipulagsstofnun.
Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

10. desember 1998.

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar,
Magnús Gunnarsson.

AUGLÝSING

**um breytingu á deiliskipulagi Lækjargötu-Hringbrautar-Öldugötu,
Hringbraut 2-4, Hafnarfirði.**

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 24. nóvember 1998 breytingu á deiliskipulagi, Lækjargötu-Hringbrautar-Öldugötu í Hafnarfirði, sem staðfest var 26. nóvember 1985.

Breytingin felst í að í stað 9 einbýlishúsa og vistgötu komi tvö þriggja hæða og eitt tveggja hæða fjölbýlishús með allt að 31 íbúð og bílakjallara. Auk þess fellur út byggingareitur fyrir einbýlishús við Öldugötu og þar verða bílastæði. Að Hringbraut 4 þar sem nú er gamalt verslunarhúsnæði komi fjölbýlishús með allt að 10 íbúðum.

Tillagan var auglýst, samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, frá 28. ágúst til 25. september 1998, og yfirfarin af Skipulagsstofnun.
Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

10. desember 1998.

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar,
Magnús Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um bann við rækjuveiðum.

1. gr.

Allar rækjuveiðar eru bannaðar á eftirgreindum svæðum:

1. Norðaustur af landinu á svæði, er markast af línun sem dregnar eru milli eftirfarandi punkta:

1. 67°40,00 N - 18°00,00 V
2. 67°12,00 N - 18°00,00 V
3. 67°11,00 N - 16°40,00 V
4. 67°16,00 N - 16°19,70 V
5. 67°19,80 N - 15°20,00 V
6. 67°13,00 N - 14°35,17 V

7. 67°04,00 N - 14°49,60 V
8. 66°50,80 N - 13°14,50 V
9. 66°34,90 N - 12°39,80 V
10. 66°30,00 N - 12°35,80 V
11. 66°30,00 N - 12°01,50 V
12. 67°40,00 N - 14°30,00 V